



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 6. FUNDUR Á VORÖNN 2014
MIÐVIKUDAGINN 30.APRÍL KL.12:35**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Önnur bréf: (sjá minnisblað)

Bréf frá forseta NFFG vegna óska um endurmat á einingafjölda sem forystumenn NFFG geta fengið fyrir félagsstörf.

Erindið var lagt fram á síðasta fundi skólaráðs til kynningar. Samþykkt var tillaga skólameistara að veita að hámarki 3 einingar á önn fyrir störf í aðalstjórn NFFG. Aðrir meðstjórnendur geta áfram fengið eina einingu. Félagsmálafulltrúi hefur yfirumsjón með ákvörðun einingafjölda hverju sinni.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Kosningar til embætta NFFG eru nýafstaðnar. Í aðalstjórn NFFG voru kosnir: Tómas Geir Howser (forseti); Þórhallur Kári Knútsson (varaforseti); Magnús Bjarki Guðmundsson (fjármálastjóri); Sóley Ásgeirsdóttir (skemmtanastjóri); Haukur Einarsson (markaðsstjóri); Jara Kjartansdóttir (formaður Rökréttu) og Kári Pétursson (formaður íþróttaráðs). Einnig var kosið í ýmsar nefndir (sjá fylgiskjal 1)

Í hádeginu í dag (miðvikudag) býður NFFG nemendum skólans upp á grillveislu og vígir um leið nýtt grill sem stjórn NFFG hefur keypt.

Skólameistari þakkar nemendum fyrir skemmtilegan vetur og stjórn NFFG fyrir vel unnin störf.

3. Önnur mál

Í máli áfangastjóra kom fram að búið er að lagfæra fjarvistaskráningu í INNU vegna verkfallsins. Raunmæting nemenda er orðin rétt skráð.

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG fulltrúi nemenda
Atli Guðnason fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Oddný Helga Einarsdóttir fulltrúi nemenda
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Sigurkarl Magnússon fulltrúi kennara
Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi